

**171. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,
5. janúar 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður og Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2101007 - Fundargerðir 2021 - notendaráð um málefni fatlaðra

Fundargerð Notendaráðs um málefni fatlaðs fólks nr. 9, 10 og 11 lagðar fram til kynningar.

Starfshópur um uppbyggingu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstað óskaði eftir umsögn Notendaráðs annars vegar um fyrirbyggjandi drög að innraskipulagi hönnunar á uppbyggingu Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað og hins vegar á grunnhugmynd að aðaluppdrætti að uppbyggingu Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstaðar. Notendaráð bókaði umsagnir sínar á 9. og 10. fundi og tók starfshópurinn þær til umfjöllunar. Fundargerðir starfshóps hafa verið kynntar í bæjarráði.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KHS, AÞÞ, EB og SH.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.